

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
1. fundur 2017 (66. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 20.01.2017 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – staða mála

Formaður skipulagsnefndar gerði grein fyrir samskiptum sínum við Skipulagsstofnun vegna afgreiðslu aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Afgreiðsla skipulagsinns hefur af hálfu Skipulagsstofnunar dregist langt umfram lögbundna fresti. Lögð var fram eftirfarandi tillaga að bókun vegna málsins:

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar starfar samkvæmt lögum nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. 8. grein laganna fjallar um skipulagsmál og kemur þar fram í 3. m.gr. að ráðherra setji nefndinni starfsreglur. Í 1. gr. starfsreglnanna segir m.a. eftirfarandi:

„Markmið með skipan skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar er að hún fjalli um og afgreiði skipulagstillögu Keflavíkurflugvallar ohf [nú Isavia ohf] **með hliðsjón af langtímahagsmunum þjóðarinnar fyrir flugvöllinn, sér í lagi vegna stækkunarmöguleika. Hafa skal hliðsjón af framtíðarþörfum Keflavíkurflugvallar ohf, varnarstarfsemi og annarra rekstraraðila flugsækinnar starfsemi sem talið er nauðsynlegt að sé á flugvallarsvæðinu.**

Síðar í starfsreglunum segir að samþykki skipulagsnefndarinnar við deili- eða aðalskipulagstillögu fyrir flugvallarsvæðið teljist fullnaðarafgreiðsla málsins á sveitarstjórnarstigi.

Í samræmi við framangreint hefur skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar látið vinna tillögu að nýju aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013 – 2030 í samvinnu við Landhelgisgæsluna f.h. utanríkisráðuneytisins. Tillagan var kynnt og auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga og að fengnum athugasemdum samþykkt í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar þann 01.04.2016 til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun. Um hið

samþykkt skipulag hafði á öllum stigum málsins verið haft samráð við Skipulagsstofnun og brugðist við athugasemdum og ábendingum stofnunarinnar.

Í 32. gr. skipulagslaga er fjallað um afgreiðslu og og gildistöku aðalskipulags. Þar kemur fram að eftir að sveitarstjórn (skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar) hefur samþykkt aðalskipulagstillöguna skuli hún senda tillöguna til Skipulagsstofnunar innan 12 vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir rann út, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær. Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að aðalskipulagi barst henni staðfesta aðalskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Telji Skipulagsstofnun að synja beri aðalskipulagi staðfestingar eða fresta staðfestingu þess að öllu leyti eða hluta skal hún senda tillögu um það til [ráðherra] innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að aðalskipulagi.

Dagsetningar þessar eru eftirfarandi:

- Aðalskipulag samþykkt í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 01.04.2016
- Aðalskipulag sent Skipulagsstofnun 14.04.2016
- Frestur Skipulagsstofnunar til að staðfesta aðalskipulag eða synja því að öllu leyti eða hluta og vísa því til ráðherra 12.05.2016

Skipulagsnefndin hefur eftir 14.04.2016 tvívegis fundað með Skipulagsstofnun og tvívegis sent inn endurskoðuð gögn í þeim tilgangi að koma á móts við síðbúnar athugasemdir stofnunarinnar, síðast þann 22.09.2016.

Í dag þann 20.01.2017 rúmlega átta mánuðum eftir að aðalskipulagið var sent inn til staðfestingar er staðan þessi: Skipulagsstofnun hefur hvorki staðfest aðalskipulag Keflavíkurflugvallar né synjað skipulaginu staðfestingar og vísað því til ráðherra. Ljóst er af þessu að stofnunin hefur brotið alvarlega af sér með því brjóta gegn öllum lögbundnum frestum sem tilgreindir eru í lögunum. Stofnunin hefur haft uppi nýjan málatilbúnað eftir samþykkt skipulagsins í skipulagsnefnd sem ekki kom fram á fyrri stigum málsins s.s. að uppbyggingaráform á Keflavíkurflugvelli séu ekki í samræmi við stefnumörkum stjórnvalda og að nýjar flugbrautir sem sýndar eru á skipulagsuppdrætti komi ekki til framkvæmda fyrr en eftir skipulagtímabilið og því eigi ekki að sýna þær. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar telur á hinn bóginn að hún sé einmitt að bregðast við markmiðum skipulagsreglum fyrir skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar með því að líta til langtímahagsmuna flugvallarins um þróun hans. Langtímahagsmunir flugvallarins ná langt fram yfir skipulagtímabilið sem er 17 ár, þeir gætu þess vegna verið 100 ár. Ef til að mynda nýjar flugbrautir væru ekki sýndar á skipulagsuppdrætti væri fræðilega unnt að loka fyrir möguleikann á gerð þeirra með nýjum mannvirkjum í aðliggjandi sveitarfélögum.

Skipulagsnefndin hefur ítrekað gengið eftir því að Skipulagsstofnun afgreiði aðalskipulagið frá sér. Skipulagsstofnun hefur ávallt sagt að málið sé í vinnslu og verði afgreitt innan tíðar.

Dæmi um svar Skipulagsstofnunar 16.06.2016: Ég get vonandi fullyrt að afgreiðsla Skipulagsstofnunar farin úr húsi í síðasta lagi þriðjudaginn næst komandi. Afsakaðu töfina.

Annað dæmi um svar frá Skipulagsstofnun 13.10.2016: Endurskoðuð skipulagsgögn bárust frá ráðgjafa með tölvupóstum 12. og 22.9. sl. Við höfum rýnt þau og teljum enn vera uppi spurningar sem lúta að ákvörðunum um nýjar flugbrautir og áhrif þeirra út fyrir sveitarfélagamörk auk ákvarðana um umfang uppbyggingar, sbr. fyrri umsögn stofnunarinnar. Stofnunin telur koma til álita að vísa beri staðfestingu aðalskipulagsins til ráðherra í samræmi við 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga vegna þessa. Stofnunin skal samkvæmt því ákvæði vísa málinu til ráðherra innan fjögurra vikna frá því erindi barst. Sá frestur rennur út 20. október nk. en fyrirséð er að afgreiðsla málsins geti dregist út októbermánuð.

Eftir að hafa fengið ofangreindan tölvupóst frá Skipulagsstofnun sendi skipulagsnefndin stofnuninni bréf þar sem óskað var eftir fundi um málið. Því bréfi var ekki svarað!

Fleiri slík dæmi eru skráð hjá nefndinni og bera þau þess vitni að Skipulagsstofnun er óviss um hvaða stefnu taka skal í málinu og áttar sig greinilega illa á málavöxtum.

Tafir af völdum sleifarlags stofnunarinnar eru þegar farnar að valda beinu og/eða óbeinu tjóni vegna uppbyggingar á Keflavíkurflugvelli og vegna vinnu við aðalskipulag nágrannasveitarfélaganna. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar leggur að lokum ríka áherslu á að aðalskipulag Keflavíkurflugvallar hefur verið unnið í nánu samráði við nágrannasveitarfélögin enda sitja þrír fulltrúar þeirra í skipulagsnefndinni. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar lýsir yfir megnri óánægju og fordæmir ófagleg vinnubrögð Skiplagsstofnunar og áskilur sér rétt til að leggja inn stjórnsýslukæru til umhverfisráðuneytisins vegna vinnubragðanna.”

Bókunin var samþykkt samhljóða.

2. **Arnarvöllur 2 - grenndarkynning**

Vísað er til bókunar á 63. fundi skipulagsnefndarinnar þar sem samþykkt var að fram færi grenndarkynning vegna stækkunar byggingarreits Arnarvallar 2. Grenndarkynningin hefur farið fram og engar athugasemdir bárust innan tilskilins frests.

Skiplagsnefndin samþykkti breytinguna á deiliskipulagi lóðarinnar.

3. **Fálkavöllur 2 - kæligeymsla**

Óskað er eftir að byggja kæligeymslu 2 m út fyrir byggingarreit að Fálkavelli 2. Skipulagsnefndin samþykkti að fram fari grenndarkynning vegna deiliskipulagsbreytingarinnar. Þar sem enginn hefur hagsmuna að gæta að mati nefndarinnar fellur grenndarkynningin niður og samþykkti skipulagsnefndin breytinguna.

4. **Stöðuleyfi**

- a. Fálkavöllur 15 (17). IGS lóðarhafi Fálkavallar 17 sækir um stöðuleyfi fyrir 2 gáma á lóðinni Fálkavöllur 15, en lóðarhafi þar er Isavia, sem samþykkir erindið. Skipulagsnefndin samþykkir stöðuleyfi til eins árs.
- b. Háaleitishlað 20. Isavia sækir um stöðuleyfi fyrir gám við gömlu slökkvistöðina. Skipulagsnefndin samþykkir stöðuleyfi til eins árs.

5. Aðalskipulag Reykjanesbæjar – í auglýsingu

Fjallað var um nýtt aðalskipulag Reykjanesbæjar sem er í auglýsingu um þessar mundir. Isavia hefur vakið athygli á að íbúðarsvæðið ÍB 29 fer nær flugbraut í rekstri en áður hefur verið. Hefur það áhrif á hljóðvist og skipulagsskilmála hverfisins.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagstillöguna en leggur áherslu á að ekki verði þengt að starfsemi flugvallarins.

6. Deiliskipulag Keflavíkurflugvelli

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir framvindu vinnunnar við deiliskipulagsáætlanir á Keflavíkurflugvelli.

7. Svæðisskipulag Suðurnesja

Formaður skipulagsnefndarinnar gerði grein fyrir fundi samvinnunefndar um svæðisskipulag Suðurnesja sem fram fór daginn áður. Þar var m.a. gerð grein fyrir væntanlegri bókun vegna dráttar á staðfestingu aðalskipulags Keflavíkurflugvallar (sjá lið 1. hér að ofan), fjallað um afléttingu vatnsverndar á atvinnusvæðinu AT 12 og rætt um samstarf vegna svæðisskipulags Suðurnesja og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

8. HS veitur - jarðstrengur

HS veitur sækja um framkvæmdaleyfi fyrir 33 kV jarðstreng við Þjóðbraut/Grænavöll innan vallarsvæðis. Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið.

9. Kjóavöllur 4 – stækkun byggingarreits

Óskað er eftir stækkun byggingarreits til norðurs og austurs. Ennfremur að jarðvegsmanir verði felldar út af skipulagi. Skipulagsnefndin samþykkti að fram fari grenndarkynning vegna skipulagsbreytingarinnar. Grenndarkynningin snúi að Arnarvelli 2 og 4 og Blikavelli 1, 3 og 5.

10. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður þann 24.02.2017.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/ layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx>